

Jón Kristjánsson
Veiðimálastofnunin
12. júní 1978.

Niðurstöður úr tilraunaveiðum
í Mývatni 2.-8. júní 1978.

Dagana 2.-8. júní voru stundaðar tilraunaveiðar í Mývatni. Notuð voru net með 17,5-46 mm mōskva, og voru lagðar samtals 98 lagnir á ýmsum stöðum í vatninu, eins og fram kemur í töflu 1. Einnig var mældur fiskur hjá veiðibendum og sést lengdardreifing hans á mynd 1. Í stuttu máli má draga niðurstöður saman í eftirfarandi: Bleikjan fer að koma að marki inn í veiði bænda (45 mm net) 37-38 cm að lengd. Hér er aðallega um að ræða 4 vетra fisk og eins priggja vетra, og mun hlutur hans í afla fara vaxandi þegar líður á sumarið. Lengdardreifing aflans í tilraunonetin (mynd 2) bendir til þess, að lítið sé af tveggja og þriggja vетra fiski í vatninu, svo búast má við að þegar fjögra vетra fiskurinn verður langt upp veiddur um mitt sumar, verði lítið sem taki við af honum, til þess er stofninn af þriggja vетra fiski of veikur. Alvarlegast er þó, ef niðurstöður eru marktækar að tveggja vетra fiskur sem á að koma inn í veiðar næsta sumar finnst varla. Þetta verður nánar kannæ um miðjan júlí, og ættu þá að fást óyggjandi niðurstöður. Ef gera ætti spá um áframhald veiði í Mývatni byggða á fengnum niðurstöðum, yrði hún þessi: Veiði mun haldast sémileg fram á mitt sumar, eftir það fer að draga úr henni og sumarið 79 verður veiðin mjög léleg. Hvað er til ráða? Augljóst er, að nýliðun í Mývatni er mjög breytileg, og heilir árgangar virðast misfarast, en sterkir árgangar koma upp með vissu millibili. Eitt af ráðunum til að draga úr náttúrulegum sveiflum er að sleppa sumaröldum seiðum. Veiðifélagið ætti ekki að láta neins ófreistað til að sleppa seiðum í vatnið. Ef ekki reynist unnt að útvega seiði af Mývatnsbleikju verður að fá seiði annarsstaðar frá. Annað ráð er að bæta hrygningarástöðvar með því, að dreifa hentugri hrygningarmöl á riðstöðvar að vetri til. Ég skoðaði lítillega riðin við Gejteyjarströnd og mun skoða þau nánar síðar. Sýndist mér möl vera af mjög skornum skammti og að íburður af möl á þær stöðvar kæmi að miklu gagni. Ég rafveiddi eitt svæði við Strönd, í víkinni við veginn, þar sem klakhúsið var, og fann þar nokkuð af 3,5-4,5 cm bleikjuseiðum sem nýlega voru orðin laus við pokann. Seiðin fundust eingöngu í mölinni sem parna er á um 2 m breiðu belti. Er mölinni slepti fundust engin seiði. Þetta sýnir, og var reyndar þekkt áður, að seiðin halda sig í möl og grjóti fyrstu vikurnar eftir að þau losna við kviðpokann. Malaríburður á þessi svæði yrði því örugglega til bóta.

Þess má geta að langt er síðan myklak hefur verið eins mikið í vatninu og það var núna í vor, enda fiskurinn með eindæmum feitur og vöxtur virðist hafa verið mjög góður s.l. ár. Því miður mun nú hvergi bleikjuseiði að fá í sumar. Um 30000 seiði voru sett á í Kollafirði, en þau munu öll vera seld.


Tafel II.

2/6	Ales , Rissnöjdri
3/6	Ales , Vänskällan.
4/6	Breki - Hassans.
5/6	Älftasöder
6/6	Niklas - Drickat
7/6	

Maple #

Minerals 2-7/6 1978.

Lens dolomitic bedrock
is often very rounded.
Sugaring is 1. on lens dolomite.



Mind 2.

Blivatn 2. 8/6 1978.

Konservativt afsl. vir
tilraummetrum. Stekvens
i l. om landstykken
Svartals 97 kmvir,
"møkkenskor" 17,5 - 46 mm.

Fjöldi Fiskar.

